



LÍFID

Ástfangin og á ferðalagi um Evrópu á húsbíl



Álfhildur og Halldór eru stödd á Kanarí eins og stendur en á þessari mynd eru þau í Svíþjóð. Fréttablaðið/Aðsend

Lovísa Arnardóttir
lovisaa@frettabladid.is

Miðvikudagur 8. mars 2023
Kl. 18.32

DEILA



Álfhildur Ólafsdóttir og Halldór Holt kynntust í heimsfaraldrinum og eru nú trúlofuð og á ferð um Evrópu á húsbíl. Eins og stendur eru þau á Kanarí og stefna á að keyra allt að landamærum Rússlands við Noreg þegar fer að líða á sumar og vor. Þau eiga bæði börn frá fyrra hjónaböndum sem eru uppkomin. Halldór er tvígiftur og Álfhildur ekkja.

„Það var í júní 2020 sem við kynntumst. Við trúlofuðum okkur frekar fljótt og erum enn trúlofuð. Við höfum ekki haft tíma til að gifta okkur,“ segir Álfhildur létt en þau kynntust á heimasíðunni Makaleit.is.

„Ég man að ég valdi hana því mér fannst hún traustvekjandi. Ég var búin að prófa aðrar síður en leist betur á þessa. Hún stóðst væntingar,“ segir hún en ákveðnir fyrirvarar eru á síðunni. Hún er til dæmis lokuð þannig að aðeins skráðir notendur geta séð aðra. Þá samþykkir eigandi og stjórnandi allar myndir sem eru sendar og allan texta sem fólk sendir inn um sig sjálft. Þá er hægt að biðja um auðkenningu en þá staðfestir Makaleit.is aldur og kyn notanda.

„Þetta er ekki staður fyrir flílagang og skyndikynni. Þetta er fólk sem vill vera í alvöru samskiptum.“



Húsbíllinn er þeirra annað heimili. Fréttablaðið/Aðsend

Flutt inn saman stuttu síðar

Álfhildur segir að hlutirnir hafi gengið hratt fyrir sig eftir að þau kynntust. Þau bjuggu í sitthvorum landshlutanum en þegar tækifæri gafst til að hittast gripu þau það.

„En svo þegar fólk er komið á okkar aldur þá er maður meðvitaðri um að það er ekkert endalaust hægt að dúlla sér,“ segir hún og að eins viti fólk betur hvað það vill og hvað það vill ekki.

Þau fluttu því saman haustið sem þau kynntust.

„Tíminn hleypur frá okkur þannig maður getur ekki gefið sér mörg ár til að njóta lífsins. Það gildir svo sem um alla en maður verður meðvitaðri um það þegar maður verður eldri,“ segir Álfhildur.

Fólk þarf alltaf að slípa sig saman. Þetta getur verið bullandi vinna en hún skilar sínu.



Vildi ekki njóta lífsins ein

Álfhildur missti manninn sinn 2018 og varð þá ekkja en segir að það hafi verið um það bil ári síðar sem hún tók þá ákvörðun að þótt svo að hún væri komin yfir sextugt þá ætlaði hún ekki umhugsunarlaust að verja restinni af lífi sínu ein.

Stuttu eftir að þau kynntust fékk Álfhildur póst frá Makaleit um hvernig leitinn hefði gengið og við það tilefni samdi hún vísu sem hún sendi þangað inn. Sem hljóðar svo:

Á því leikur enginn vafi,

hlotnast það sem best er til.



Myndin er tekin í Noregi af ástfangnu pari. Fréttablaðið/Aðsend

Ferðalögin sameinuðu

Álfildur og Halldór eiga saman húsbíl og finnst æðislegt að ferðast þannig saman.

„Við fórum í fyrra í langferð í Skandinavíu og lögðum svo af stað í haust um Suður-Evrópu og flugum svo til Kanarí þar sem við ætlum að vera þangað til við leggjum aftur stað í húsbílnum eftir tvær vikur,“ segir hún en húsbíllinn fékk að vera í Alicante á meðan.

„Við leigðum okkur íbúð í fimm mánuði á Kanarí í vetur. Við erum búin að vinna nóg og það er kominn tími til að njóta lífsins,“ segir hún og að það sé afar notalegt oft að hlusta á veðurfréttirnar að heiman.

„Þó maður finni samt til með þeim sem eru að þrauka,“ segir hún og hlær.



Fyrsta myndin sem tekin var af parinu í júní árið 2020. Fréttablaðið/Aðsend

Halldór hefur allt sitt líf unnið sem rútu- og flutningabílastjóri og hafði ekki mikinn tíma fyrir stefnumót.

„Þess vegna fór ég þarna inn. Ég er tvígiftur og tvískilinn og ákvað bara að prófa og ég var varla búinn að ýta á enter þegar við náðum saman,“ segir hann.

Halldór fluttist svo norður til hennar og segir að þau hafi síðan unnið að því að sameina búslóðir og annað.

„Þetta hefur verið frá byrjun alveg dans á rósum. Við hittum á sömu áhugamál og væntingar. Fólk þarf alltaf að slípa sig saman. Þetta getur verið bullandi vinna en hún skilar sínu. Okkur finnst gaman að ferðast og það er það sem fólk á okkar aldri á að gera þegar það er búið að skila sínu,“ segir hann og að hann sé á varamannbekknum í flutningunum því hann sé ekki alveg hættur.

„Ég átti húsbílinn einn fyrir og nennti ekkert að fara um einn en við alveg elskum að þvælast um á honum saman. Ætlum að fara upp Evrópu og upp að rússnesku landamærunum við Noreg. Ætli við komum ekki heim með haustinu,“ segir Halldór og hlær.



Flott í Færeyjum. Fréttablaðið/Aðsend

Internet

Ástin

Makaleit

MIÐSUNNDEGIÐ 1 dag í vikunni



Nýjast



[Grey fólkið trukkar áfram](#)




[Sungið bónorð og sofandi ástarjátning](#)



[Emmsjé Gauti semur þjóðhátíðarlagið](#)



[Hætti við að hætta](#)



[Þriðji meðlimur hljómsveitarinnar látinn](#)



[Gwyneth Paltrow saklaus](#)



[Gríðarlegt stuð í útgáfuhófi Snæfríðar](#)



[Heill veggur af garni í glæsihýsi á Seltjarnarnesi](#)



[Töfrandi orka sem skapast bara í bíósalnum](#)



[Kleinhringur vikur fyrir Selleck](#)


Tengt efni




[Heiðar Logi með nýja kærustu](#)



[Pétur „annar samkynhneigði maðurinn sem ég vissi af fyrir utan Pál Óskar“](#)



[Vefsíðunni Næsta skrefi lokað](#)



[Biggi lögga kominn á fast](#)



[Nadine og Snorri eiga von á strák](#)



[Fréttavaktin: Ást, bakstur og sjókvíaldi](#)



[Þör geta verið hamingjusöm þrátt fyrir kynlífsleysi](#)



[Svona gleðja þeir sína heittelskuðu í tilefni konudagsins](#)



[Amma og afi stunda líka kynlíf](#)

Fleiri fréttir



[LÍFID](#)

[Grey fólkíð trukkar áfram](#)




[LÍFID](#)

[Emmsjé Gauti semur Þjóðhátíðarlagið](#)



[LÍFID](#)

[Þriðji meðlimur hljómsveitarinnar látinn](#)



[LÍFID](#)

[Gríðarlegt stuð í útgáfuhófi Snæfríðar](#)



[LÍFID](#)

[Kleinhúringur vikur fyrir Selleck](#)



[LÍFID](#)

[Sungið bónorð og sofandi ástarjátning](#)



[LÍFID](#)

[Hætti við að hætta](#)




[LÍFID](#)

[Gwyneth Paltrow saklaus](#)



[LÍFID](#)

[Heill veggur af garni í glæsihýsi á Sel-tjarnarnesi](#)



[LÍFID](#)

[Tímahylki saumakvennanna er að finna í búð á Ísafirði](#)

Flokkar

- Fréttir
- Markaðurinn
- Sport
- Lífið
- Skoðun
- Tímamót

Fréttblaðið

- Hafðu samband
- Fasteignir
- Minningargreinar
- Andláts-, útfarar- eða þakartilkynningar
- Persónuvernd og vefkökur

Auglýsingar

- Frettabladid.is
- Fréttblaðið
- Sérblöð
- Raðauglýsingar
- Þjónustu- og smáaugl.
- Hringbraut

Torg ehf.

Kalkofnsvegi 2
101 Reykjavík
Sími 550 5000

